

## REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1051, 28. desember 2009, um veiðar á sæbjúgum.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Á hrygningatíma sæbjúgna eru veiðar óheimilar, sem hér segir:

1. **Svæði A:** frá 1. maí til og með 30. júní,
2. **Svæði B:** frá 1. júní til og með 31. júlí,
3. **Svæði C:** frá 1. júní til og með 31. júlí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. október 2012.*

F. h. r.

**Jóhann Guðmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Arnór Snæbjörnsson.*